



Um framkvæmdir á skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli

Halldór G. Pétursson

Náttúrufræðistofnun Íslands, Hafnarstræti 97, 600 Akureyri

- Greinargerð unnin fyrir Akureyrarbæ, Hlíðarfjall

Samkvæmt ósk Guðmundar Karls Jóhannssonar og Náttúruverndarnefndar Akureyrar hef ég kynnt mér fyrirhugaðar framkvæmdir á skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli, nánar tiltekið í Reithólum. Á næstunni er ætlunin að endurbæta skíðabrautirnar í fjallinu, stækka sumar þeirra, fjarlægja stórgrýti við þær og gera þær almennt öruggari. Í framtíðinni er svo ætlunin að leggja nýjar skíðabrautir til viðbótar í fjallinu og er vinna við skipulagningu þeirra rétt að hefjast. Ekki er annað hægt að segja að þær framkvæmdir sem til þessa hafa verið gerðar í fjallinu séu vel heppnaðar og frágangur góður miðað við aðstæður. Óhjákvæmilegt rask hefur „veðrast vel“ ef svo má segja og orðið sífellt og minna áberandi með tímanum.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði í Reithólum er utan skilgreindra vatnsverndarsvæða í Hlíðarfjalli (Þórólfur Hafstað o.fl. 1994) en samkvæmt aðalskipulagi er Hlíðarfjall, eins og reyndar allt bæjarlandið ofan byggðar, skilgreint sem „verndarsvæði vegna náttúrufars og útivistargildis“. Því er rétt að kanna hvort lagning nýrra skíðabrauta og stækkun svæðisins sé tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar eða til einhverra annarra, eins og undirsviða Umhverfisstofnunar. Þetta gildir eingöngu um framtíðarskipulag skíðasvæðisins en á ekki við um þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru í sumar og haust. Þær flokkast undir endurbætur og viðhald á núverandi mannvirkjum og því tæpast tilkynningarskyldar.

Frá sjónarmiðum náttúruverndar er æskilegt að skíðabrautir í fjallinu verði sem mest lagaðar að landslagi og raski við þær haldið í lágmarki þannig að þær verði sem minnst áberandi. Frá Akureyri er Hlíðarfjall og Reithólar mjög áberandi og allt rask á svæðinu því greinilegt þaðan. Það er því mikilvægt að þannig verði staðið að framkvæmdum að þær skapi ekki almenna óánægju. Vanda ber því sem mest framkvæmdir og frágang á þeim svæðum sem mest eru áberandi og blasa við bænum. Á þeim svæðum sem eru minna áberandi er hægt að leyfa sér ýmislegt eins og t.d. að safna saman stórgrýti.

Það rask sem virðist hvað mest áberandi úr fjarlægð eru uppýttir garðar og hryggir til hliðar við jarðýtuör, eins og t.d. við örið undir stromplyftunni. Til að þessir uppýttu hryggir verði sem minnst áberandi er æskilegt að hafa þá sem flatasta og dreifa frekar úr efninu en hitt. Hvað snertir uppgræðslu og sáningu í fjallinu er rétt að hafa í huga að einhvers konar gróðurskil og þar af leiðandi litarbreyting verður í fjallinu í um 700 m hæð eða svipaðri hæð og Strýta liggur í. Neðan við þessa hæð er fjallið grænleitt en

ofan við grálitað og melar með háfjallagróðri áberandi. Best væri að það útlit fengi að halda sér að mestu en ekki sáð þar stórum og áberandi grænum eða t.d. bláum lúpínuflekkjum. Rétt er líka að hafa í huga hvers konar gróður þrífst þarna og allsendis óvíst að sáning heppnist þarna eða láglendisplöntur komist af í þessari hæð. Mestu máli skiptir að halda því háfjallaumhverfi sem þarna er sem óröskuðustu og í því sambandi rétt að minna á framtíðarhlutverk Glerárdals sem að mestu óraskaðs útivistarsvæðis.

Við gerð skíðabrautanna hefur grjót, stórt og lítið, verið hreinsað af yfirborði og jarðýta notuð til að ýta efni upp í hliðarmúga og eða því safnað saman í lítt áberandi kvosir. Ókostirnir við þessa aðferð er að jarðvegsþekjunni í hólunum er sópað ofan af þeim og þótt hún sé þunn þá verður jarðýtuörið áberandi úr fjarlægð, þá sérstaklega hliðarmúgarnir (breidd brauta er 35-50 m og allt að 1000-1300 m langar). Við framkvæmdina verður sumstaðar að nota jarðýtur einfaldlega vegna þess að öðru vísi er ekki hægt að fá nógu slétta braut. Annars staðar er auðveldara og veldur minna raski að nota gröfur (t.d með brotfleini) til að fjarlægja stóra steina eða brjóta þá niður. Sumir þeirra eru það stórir að mikið og ljótt rask verður af því að ýta þeim til. Hugsanlega má líka sprengja suma steinana til að fjarlægja þá og mun það hafa verið gert á Ísafirði með góðum árangri. Við ýtingu skiptir líka máli hvernig staðið er að verki og hvort ýtt er niður fjallið eða til hliðanna. Ýtingu verður að framkvæma á þann hátt að ekki myndist farvegir í fjallinu sem vatn getur grafið sér djúpar rásir eftir. Framkvæmdatími er síðsumars eða að hausti og ekki í mikilli rigningartíð, því að þá getur rask orðið mun meira og framkvæmdin jafnvel verið óviðráðanleg vegna vatnsrennslis.

Hvað snertir framtíðarskipulag skíðasvæðisins þarf fljótlega að gera sér grein fyrir því hvar og hvernig skíðabrautirnar eiga að liggja um hólana. Forgangsráða þarf brautum í t.d. meginflutningsleiðir og minna mikilvægar leiðir og gera sér grein fyrir hve miklar framkvæmir þarf að leggja í við nýbygginguna. Fljótlega þarf að kanna hvort þessar framkvæmdir eru er tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar og hvaða leyfa, ef einhverra, þarf að afla áður en framkvæmdir hefjast.

06.08.2003/HGP

Heimildir:

Þórólfur H. Hafstað, Halldór G. Pétursson og Freysteinn Sigursson 1994: Vatnsveita Akureyrar, vatnsból og vatnsvernd. Orkustofnun, OS-94059/VOD-05. 46 bls.